

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Sverris Hermannssonar um umfang happdrættismarkaðarins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hverjar voru heildartekjur, rekstrargjöld og hagnaður þeirra happdrætta sem störfuðu eða efnt var til samkvæmt lögum árin 2000 og 2001?*
2. *Hver var heildarupphæð útborgaðra vinninga sömu ár?*
3. *Eru uppi hugmyndir af hálfu ráðuneytisins um breytt skipulag happdrættismála og ef svo er, í hverju felast þær hugmyndir?*

Eftirfarandi tafla, sem skipt er eftir happdrættum, sýnir í millj. kr. rekstrartekjur, rekstrargjöld, hagnað og útborgaða vinninga þeirra aðila sem störfuðu samkvæmt lögum árin 2000 og 2001.

| <b>Happdrætti Háskóla Íslands</b> | <b>2001</b> | <b>2000</b> |
|-----------------------------------|-------------|-------------|
| Rekstrartekjur                    | 2.456,3     | 2.178,8     |
| Rekstrargjöld                     | 1.875,0     | 1.639,6     |
| Hagnaður                          | 467,1       | 435,3       |
| Vinningar*                        | 1.117,6     | 979,6       |

\*Vinningar í gullnámu, sem nema um 86% af veltu, eru hvorki tekju- né gjaldfærðir, utan vinninga í gullpotti.

  

| <b>Vöruhappdrætti SÍBS</b> | <b>2001</b> | <b>2000</b> |
|----------------------------|-------------|-------------|
| Rekstrartekjur             | 280,6       | 290,7       |
| Rekstrargjöld              | 248,9       | 240,7       |
| Hagnaður                   | 31,7        | 50,0        |
| Vinningar                  | 169,6       | 164,3       |

  

| <b>Happdrætti Dvalarheimilis<br/>aldraðra sjómanna – DAS</b> | <b>2000–2001</b> | <b>1999–2000</b> |
|--|------------------|------------------|
| Rekstrartekjur   | 174,6            | 163,5            |
| Rekstrargjöld  | 136,1            | 142,4            |
| Hagnaður   | 46,2             | 26,0             |
| Vinningar  | 67,2             | 62,8             |

  

| <b>Íslenskar getraunir</b> | <b>2001</b> | <b>2001, 1. júlí – 31. desember</b> |
|----------------------------|-------------|-------------------------------------|
| Rekstrartekjur             | 385,8       | 184,4                               |
| Rekstrargjöld              | 311,7       | 153,5                               |
| Hagnaður                   | 76,2        | 31,4                                |
| Vinningar                  | 223,8       | 102,1                               |

| <b>Íslensk getsþá</b>           | <b>2001</b> | <b>2001, 1. júlí – 31. desember</b> |
|---------------------------------|-------------|-------------------------------------|
| Rekstrartekjur                  | 1.198,1     | 565,5                               |
| Rekstrargjöld                   | 820,1       | 393,2                               |
| Hagnaður                        | 385,7       | 173,8                               |
| Vinningar                       | 479,1       | 226,1                               |
| <b>Íslenskir söfnunarkassar</b> | <b>2001</b> | <b>2000</b>                         |
| Rekstrartekjur                  | 1.098,4     | 1.083,4                             |
| Rekstrargjöld                   | 181,2       | 155,9                               |
| Hagnaður                        | 923,5       | 932,4                               |

Vinningar, sem nema um 90% af veltu, eru hvorki tekju- né gjaldfærðir.

Ráðuneytið hefur haft endurskoðun á lögum um happdrætti á dagskránni og hófst það verk með gerð skýrslu um stöðu happdrættismála sem lokið var við árið 1999. Síðan hefur verið unnið áfram að málinu, m.a. með það í huga að tryggja að tekjur af happdrættisrekstri fari áfram til þjóðþrifamála hér á landi en streymi ekki úr landi. Tilkoma internets og fjölbreytt framboð af happdrættum, sem eru rekin þar, hefur skapað alþjóðlegan happdrættismarkað og að nokkru leyti ógn við innlendan happdrættisrekstur. Ráðuneytið hefur haft náið samráð við yfirvöld happdrættismála annars staðar á Norðurlöndum og eru nú haldnir reglulegir fundir þessara aðila, en happdrættisreglur eru þar einnig til endurskoðunar. Unnið er að frumvarpi að lögum sem ætlað er að leysa lögin frá 1926 um happdrætti af hólmi.